

FORVARNARSTEFNA ML

Forvarnarstefna Menntaskólans að Laugarvatni hefur einkunnarorðin:

Þekking - Umhyggja - Heilbrigði

Skólinn vill stuðla að heilbrigðum lífsháttum og jákvæðri lífssýn nemenda sinna og vinna gegn hverskyns áhættuhegðun. Markmiðum þessum hyggst skólinn ná með því að:

1. Hafa sérstakan **forvarnarfulltrúa** sem annast skipulag forvarnarstarfs skólans.
2. Fylgjast með niðurstöðum **rannsókna** á stöðu og líðan unglinga, samskiptum, áhættuhegðun o.fl.
3. Vinna í samræmi við **staðreyndablað** Embættis landlæknis um hvað virkar í tóbaks-, áfengis- og vímuforvörnum í skólum.

1. Hlutverk forvarnarfulltrúa

- a) Vinnur að stefnumörkun skólans í forvarnarmálum í samráði við aðra starfsmenn.
- b) Fundar árlega (í febrúar/mars) með stjórnendum, vistarvörðum, fulltrúum úr sjálfsmatsnefnd (gæðastjóri og foreldri) og fulltrúum úr stjórn nemendafélagsins.
- c) Gerir árlega forvarnaráætlun og er ábyrgur fyrir framkvæmd hennar.
- d) Aðstoðar við samþættingu forvarna við annað skólastarf, t.d. kennslu og félagslíf.
- e) Stendur fyrir forvarnarfræðslu fyrir nemendur, starfsmenn skólans og aðstandendur nemenda. Er boðberi forvarna innan skólans og talsmaður ákveðinna hugmynda gagnvart stjórnendum, starfsmönnum, nemendum og forráðamönnum.
- f)

2. Rannsóknir, upplýsingar og umbætur

Lagðar eru fyrir kannanir eins og Framhaldsskólapúlsinn og Ungt fólk. Gæðastjóri og forvarnarfulltrúi fylgjast með niðurstöðum rannsókna á stöðu og líðan unglinga, samskiptum og fyrirbyggjandi þáttum varðandi áhættuhegðun o.fl. Niðurstöðum er miðlað til skólasamfélagsins alls og sett fram umbótaáætlun. Áherslur í forvarnaráætlun hvers árs taka mið af niðurstöðum rannsókna.

3. Staðreyndablað landlæknis

„Hvað virkar í tóbaks-, áfengis- og vímuforvörnum í skólum“ er yfirskriftin á svokölluðu staðreyndablaði Embættis landlæknis. Í samræmi við það er m.a. horft til þess í ML að:

STEFNUSKJAL.

FLOKKUR: STJÓRNUN OG SKIPULAG

ÁBYRGÐARAÐILI: SKÓLAMEISTARI



ÚTGEFIÐ: 5.5.2022

- a) Byggja á fræðilegum grunni og fagþekkingu starfsfólks.
- b) Nota gagnvirkar aðferðir þar sem lögð er áhersla á umræður og þátttöku nemenda.
- c) Forðast hræðsluáróður.
- d) Hlúa að verndandi þáttum eins og heilsueflingu, geðrækt, jafnrétti, stuðningi og tengslum.
- e) Stuðla að viðburðum á vegum skólans og félagslífi nemenda sem einkennast af heilbrigðum lífsháttum og efla lífsgleði.
- f) Umsjónarkennarar, vistarverðir, námsráðgjafi og stjórnendur þekki einkenni sem nemendur í vanda bera oft með sér og séu í stakk búin að fylgja því eftir ef grunur vaknar um áhættuhegðun. Tekist skal á við það af umhyggju og í góðu samstarfi við foreldra, eftir því sem við á.

Forvarnarstefna þessi skal endurskoðuð þriðja hvert ár.